



TILLAGA

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Efni tillögu: Stofnun starfshóps vegna Listamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð leggur til við borgarráð að stofnaður verði starfshópur um mótun framtíðarstefnu fyrir Listamiðstöð á Korpúlfsstöðum í Grafarvogi.

Hlutverk hópsins verði að móta tillögur að nýrri listamiðstöð í gamla mjólkurbúinu á Korpúlfsstöðum og móta tillögur um framtíð Golfklúbbs Reykjavíkur á svæðinu varðandi reksturs golfvallar á jörð Korpúlfsstaða.

Hópurinn vinni tillögur sínar í samstarfi við hagsmunaaðila, þar með talið Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) Samtök íslenskra myndlistarmanna (SÍM), Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Golfklúbb Reykjavíkur (GR) og íbúasamtök Grafarvogs.

Greinargerð;

Korpúlfsstaðir eru jörð í Reykjavík kenndir við Korpúlfr bónnda sem getið er í Kjalnesingasögu. Jörðin varð eign Viðeyjarklausturs á miðöldum og varð síðan konungseign. Thor Jensen keypti jörðina árið 1922 af Einari Benediktssyni. Thor reisti þar núverandi hús og fullkomið mjólkurbú sem lagðist af vegna mjólkursölulaganna 1934. Reykjavíkurborg keypti eignina af Thor Jensen árið 1942 og reyndi þar mjólkurbúskap. Húsnæðið var um tíma notað sem geymsla, meðal annars fyrir málverk í eigu borgarinnar. Húsnæðið skemmdist mikið í bruna 18. janúar 1969. Korpuskóli var starfræktur á Korpúlfsstöðum frá 1999 - 2005. Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) sem stofnað var árið 1982 rekur í dag í þeim hluta sem skólinn var starfræktur Sjónlistamiðstöð en hún var stofnuð í upphafi árs 2007 í samstarfi við Hönnunarmiðstöð. Þar eru reknar vinnustofur listamanna ásamt aðstöðu til myndlistarkennslu og gestaíbúðir. Húsnæðið er á tveimur hæðum og skiptist í 33 vinnustofur auk sameiginlegs rýmis. Vinnustofurnar eru frá 10 m² og upp í 55 m² að stærð. Textílfélagið og Leirlistarfélagið eru með sín verkstæði í húsnæðinu. Enn fremur er á Korpúlfsstöðum stór og glæsilegur sýningarsalur. SÍM var og er hagsmuna- og stéttarfélag liðlega 700 starfandi myndlistarmanna. SÍM samanstendur af eftirtöldum aðildarfélögum og félagsmönnum þeirra ásamt félögum með einstaklingsaðild að SÍM: Félagi íslenskra myndlistarmanna (FÍM), Íslenskri grafík, Leirlistarfélaginu, Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík (MHR), Félagi íslenskra



samtímaljósmyndara, Myndlistarfélaginu og Textílfélaginu. Hinn 4. september 2007 var undirritaður leigusamningur milli Reykjavíkurborgar og Golfklúbbs Reykjavíkur (GR), sem hét upphaflega Golfklúbbur Íslands og var stofnaður þann 14. desember 1934, um land til reksturs golfvallar við Korpúlfsstaði í Reykjavík. GR hafði haft 12 holu æfingavöll við Korpúlfsstaði um nokkurt skeið en árið 1993 var ráðist í gerð nýs 18 holu vallar á landinu. Í júní árið 1996 opnuðu fyrstu 9 holurnar á nýjum Korpúlfsstaðarvelli og ári síðar, 1997 voru allar 18 holurnar teknar í notkun og Korpúlfsstaðarvöllur formlega vígður með Landsmóti golfklúbba í júlí 1997. Leigusamningurinn frá árinu 2007 var gerður á grundvelli samnings milli sömu aðila frá 3. apríl 2006. Leigutíminn var til 50 ára. Völlurinn er í dag 27 holur. Samkvæmt 5. gr. leigusamningsins var leigutaka heimilt að reisa mannvirki á landinu af fengnu leyfi borgarráðs og viðkomandi yfirvalda byggingarmála í Reykjavík. Ekkert varð af því og hefur GR nú aðstöðu í gamla „mjólkurbúinu“ á Korpúlfsstöðum í þeim hluta sem ekki er til afnota fyrir SÍM. Klúbburinn fékk fyrir nokkrum árum úthlutað húsnæðið í austurenda Korpúlfsstaða undir klúbbaðstöðu sína og er þar að finna vel útbúinn veitingasal ásamt inniæfingaaðstöðu á efri hæð sem hægt er að nýta yfir vetrarmánuðina.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri.